

Skólaráð Naustaskóla

1. fundur ársins 2014 - þann 8. janúar 2014

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir og Halla Jóhannesdóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Fundartími skólaráðs.** Ákveðið að prófa nýja tímasetningu fyrir skólaráðsfundi, þeir verði því framvegis fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 15:00
2. **Niðurstöður læsisprófa.** Niðurstöður með samanburði liggja ekki enn fyrir og umræðu því frestað. Rætt um ný próf sem er verið að prófa í einhverjum skólum, Bryndís ætlar að afla upplýsing um þau.
3. **List- og verkgreinakennsla.** Fyrirkomulag list- og verkgreinakennslu rætt. Skoðuð viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár og borin saman við núverandi fyrirkomulag. Til að skothelt sé að viðmiðum sé fylgt þyrfti að festa list- og verkgreinatíma hjá unglíngastigi en í núverandi skipulagi er gert ráð fyrir að áhugasviðstímar uppfylli viðmiðin. Skólastjóri mun skoða við undirbúning stundaskrárramma næsta árs hvernig best sé að framkvæma þetta og gera tillögu að nýju fyrirkomulagi þegar fjallað er um ramma næsta árs.
4. **Endurmenntunarstefna.** Farið yfir endurmenntunarstefnu skólans en henni hefur lítið verið breytt frá fyrsta starfsári og því kominn tími á endurskoðun. Fram kom að þörf sé á að koma inn áherslum varðandi t.d. raungreinar, upplýsingatækni / spjaldtölvur, stærðfræðikennslu, samfélagsgreinar, tungumál, kennslufræði, aðalnámskrá (t.d. grunnþætti og lykilhæfni) námsmat o.fl. Einnig rædd hugmynd um að búa til eins konar námsáætlun sem standi á bak við hvern þátt endurmenntunaráætlunarinnar. Skólastjóri vinnur málið áfram en það mun svo fara fyrir kennarafundi / starfsmannafundi eftir atvikum.
5. **Starfsmannastefna.** Ekki er til staðar sérstök starfsmannastefna við skólann heldur hafa ákvæði mannauðsstefnu Akureyrarbæjar verið látin duga hingað til. Stefnt að því að ræða betur málefni sem fallið gætu undir starfsmannastefnu á næsta fundi.
6. **Staða framkvæmda við skólann.** Skólastjóri hefur ekki fengið neinar upplýsingar um að fyrirhugaðar séu frekari framkvæmdir við skólann á þessu ári en mun leita eftir þeim og þrýsta á um að minnsta kosti verði lokið við bílastæði og aðkomu að skólanum. Ljóst er að fyrir næsta haust þarf að huga að einhverri uppstokkun á niðurröðun í húsið ef starfsmannaálma verður ekki kláruð. Fram komu athugasemdir við að brunastigi við íþróttahús er óvarinn, þ.e. hægt er að fara upp stigann en engin handrið varna falli úr honum. Skólastjóri hefur þegar gert athugasemdir við þetta og úrbótum hefur verið lofað.
7. **Önnur mál. - Viðurkenningar til nemenda.** Kynnt ný afgreiðsla skólanefndar um viðurkenningar. Fyrir liggur að vinna viðmið innan skólans um þetta mál.

Stefnt er að næsta fundi miðvikudaginn 5. febrúar kl. 15:00